

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

06 313

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
kt. 441114-0360
Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnes

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Vesturlandi er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.138,9 milljónir og afkoma kr. -27,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 191,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innlétt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Vesturlandi fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.085.561.961	1.030.485.047
Sala á vöru og þjónustu	3	5.953.391	5.122.998
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	4	20.959.726	11.100.846
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	26.420.069	24.156.222
Tekjur samtals		1.138.895.147	1.070.865.113
Gjöld			
Tilfærslur	5	247.360	1.446.520
Laun og launatengd gjöld	6	906.664.744	776.022.636
Annar rekstrarkostnaður	7	233.399.365	217.086.326
Afskriftir og niðurfærslur	8	26.420.069	24.156.222
Gjöld samtals		1.166.731.538	1.018.711.704
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(27.836.391)	52.153.409
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		(21.931)	(2.301)
		<u>(21.931)</u>	<u>(2.301)</u>
Afkoma ársins		<u>(27.858.322)</u>	<u>52.151.108</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(27.610.962)	53.597.628
Rekstrartilfærslur		(247.360)	(1.446.520)
		<u>(27.858.322)</u>	<u>52.151.108</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Skammtímakröfur	9	1.075.167	356.934
Tengdir aðilar	10	72.403.145	101.053.670
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	118.416.360	115.334.767
Eignir samtals		<u>191.894.672</u>	<u>216.745.371</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	12	71.042.196	64.369.818
Tengdir aðilar	10	2.120.872	4.965.558
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		111.302.604	112.122.673
Skuldir samtals		<u>184.465.672</u>	<u>181.458.049</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		7.429.000	35.287.322
Eigið fé			
Hrein eign		7.429.000	35.287.322
Eigið fé samtals	13	<u>7.429.000</u>	<u>35.287.322</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>191.894.672</u>	<u>216.745.371</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afcoma ársins		(27.858.322)	52.151.108
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	26.420.069	24.156.222
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(26.420.069)	(24.156.222)
		<u>(27.858.322)</u>	<u>52.151.108</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(718.233)	43.329
Tengdir aðilar		21.904.177	(48.795.765)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		6.672.378	(3.398.672)
		<u>27.858.322</u>	<u>(52.151.108)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(29.501.662)	(14.487.440)
		<u>(29.501.662)</u>	<u>(14.487.440)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		29.501.662	14.487.440
		<u>29.501.662</u>	<u>14.487.440</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	1.015.900.000	0	25.600.000	1.041.500.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.015.900.000	0	25.600.000	1.041.500.000
Launabætur	13.900.000	0	0	13.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	55.761.961	0	0	55.761.961
Fjárveiting ársins	1.085.561.961	0	25.600.000	1.111.161.961
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	35.287.323	0	(3.212.094)	32.075.229
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.120.849.284	0	22.387.906	1.143.237.190
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.113.172.923)	(247.360)	(29.501.662)	(1.142.921.945)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	7.676.361	(247.360)	(7.113.756)	315.245

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	118.416.360	115.334.767
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(7.113.756)	(3.212.094)
	111.302.604	112.122.673

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	1.085.561.961	1.030.485.047
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	26.420.069	24.156.222
	<u>1.111.982.030</u>	<u>1.054.641.269</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.015.900.000	0	0	1.015.900.000
Launabætur	13.900.000	0	0	13.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	55.761.961	0	0	55.761.961
Fjárveiting til tekna	1.085.561.961	0	0	1.085.561.961
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.113.172.923)	(247.360)	0	(1.113.420.283)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(27.610.962)	(247.360)	0	(27.858.322)

3 Sala á vöru og þjónustu

Ýmsar þjónustutekjur	3.312.659	2.279.598
Veitinga- og gistipjónusta	2.640.732	2.843.400
	<u>5.953.391</u>	<u>5.122.998</u>

4 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Ýmsar aðrar tekjur	20.959.726	11.100.846
	<u>20.959.726</u>	<u>11.100.846</u>

5 Tilfærslur

Rekstrartilfærslur	247.360	1.446.520
	<u>247.360</u>	<u>1.446.520</u>

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	731.539.572	625.017.851
Breyting á áföllnu orlofi	890.076	1.472.082
Launatengd gjöld	166.621.616	142.334.318
Samtals launakostnaður	899.051.264	768.824.251
Starfsmannakostnaður	7.613.480	7.198.385
	<u>906.664.744</u>	<u>776.022.636</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	55,2	52,4

Skýringar

7 Annar rekstrarkostnaður	2025	2024
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	955.854	1.081.943
Byggingarvörur, almennar	42.743	56.139
Byggingarvörur, aðrar	1.237	4.083
Tæki og búnaður til innréttinga	122.220	0
Ýmis tæki og áhöld	6.299.589	3.899.526
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.175.013	1.963.731
Orkugjafar	10.994.174	10.507.305
Matvæli	16.444.372	15.515.347
Almennar rekstrarvörur	19.952.574	13.089.430
Vörukaup, almenn	56.987.776	46.117.504
Rannsóknarstofuefni	230.063	867.591
Kennslu- og föndurvörur	10.000	0
Ýmsar sérgreindar vörur	0	13.254
Vörukaup, sérgreind	240.063	880.845
Fundir, námskeið, risna	3.218.874	245.815
Ferðir, uppihald	5.857.617	4.526.641
Akstur	23.799.367	23.236.129
Sérfræðiþjónusta	16.256.131	11.492.901
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	35.302	74.251
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	405.430	1.038.818
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.671.042	4.767.753
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	55.243.763	45.382.308
Samningsbundin kaup og leiga	43.699	124.252
Afnotagjöld	11.716.483	14.093.717
Leigugjöld	52.373.319	50.801.587
Notkun véla og flutningatækja	302.472	524.723
Verkkaup	31.455.202	34.548.381
Kostnaðarhlutdeild	17.964.295	18.808.794
Áhættutap og bætur	55.000	0
Tryggingar, lögboðnar	5.135.745	3.459.035
Opinber gjöld	2.734.531	2.431.698
Tapaðar kröfur	0	(86.518)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	121.780.746	124.705.669
Hlutdeild annarra í kostnaði	(852.983)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	233.399.365	217.086.326
8 Afskriftir og niðurfærslur	2025	2024
Áhöld, tæki og búnaður	14.579.548	13.492.636
Farartæki og vélar	11.836.146	10.663.586
Úreldar eignir	4.375	0
	26.420.069	24.156.222

Skýringar

31.12.2025 31.12.2024

9 Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	748.198	356.934
Skammtímakröfur	326.969	0
	<u>1.075.167</u>	<u>356.934</u>

31.12.2025 31.12.2024

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	69.221.514	99.842.554
Kröfur á tengda aðila	3.181.631	1.211.116
Skuldir við tengda aðila	(2.120.872)	(4.965.558)
	<u>70.282.273</u>	<u>96.088.112</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2025 31.12.2024

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	60.079.886	58.062.147
Farartæki og vélar	58.336.474	57.272.620
	<u>118.416.360</u>	<u>115.334.767</u>
	<u>118.416.360</u>	<u>115.334.767</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	118.579.618	92.291.427	0	0	210.871.045
Viðbætur á árinu	16.601.662	12.900.000	0	0	29.501.662
Selt/úrelt á árinu	(207.180)	0	0	0	(207.180)
	<u>134.974.100</u>	<u>105.191.427</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>240.165.527</u>
Afskriftir 01.01.2025	60.517.471	35.018.807	0	0	95.536.278
Afskrift ársins	14.579.548	11.836.146	0	0	26.415.694
Selt/úrelt á árinu	(202.805)	0	0	0	(202.805)
	<u>74.894.214</u>	<u>46.854.953</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>121.749.167</u>
Staða 31.12.2025	<u>60.079.886</u>	<u>58.336.474</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>118.416.360</u>
				31.12.2025	31.12.2024

12 Aðrar skuldir

Áfallið og ógreitt orlof	55.498.827	54.608.751
Viðskiptaskuldir	15.543.369	9.442.884
Skammtímakröfur, endurfl	0	318.183
	<u>71.042.196</u>	<u>64.369.818</u>

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	35.287.322	(16.863.786)
Afkoma ársins	(27.858.322)	52.151.108
Jöfnuður 31.12.	<u>7.429.000</u>	<u>35.287.322</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.